

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/66/EB

frá 3. júlí 2003

um breytingu á tilskipun 94/2/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á rafknúnum kæliskápum, frystiskápum og sambyggðum skápum til heimilisnota

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum⁽¹⁾, einkum 9. og 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Raforkunotkun kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra skápa er verulegur hluti af heildarorkuþörf Bandalagsins til heimilisnota. Talsverðir möguleikar eru á að draga úr orkunotkun þessara tækja.
- 2) Árangur af merkingakerfinu, sem var tekið upp með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB⁽²⁾, í tengslum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB frá 3. september 1996 um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota⁽³⁾, hefur haft í för með sér hækkun á orkunýtnistuðli nýrra kæli- og frystiskápa um meira en 30% frá 1996 til 2000.
- 3) Um 20% af kælitækjum, sem voru seld á árinu 2000, voru í flokki hámarksnýtni, A-flokki og á sumum mörkuðum var hlutfallið yfir 50%. Markaðshlutdeild tækja í A-flokki eykst hratt. Af þeim sökum er nauðsynlegt að taka upp tvo aðra flokka, merktir A+ og A++, sem bráðabirgðafyrirkomulag þar til umfangsmikil endurskoðun á orkumerkingaflokkum hefur farið fram.
- 4) Áhrif merkinga á orkunýtni munu minnka eða hverfa nema fleiri flokkar með meiri orkunýtni verði skilgreindir.
- 5) Breyta ber tilskipun 94/2/EB til samræmis við þetta. Um leið gefst tækifæri til að fella þá tilskipun að svipuðum tilskipunum sem hafa verið samþykktar nýlega og eru til framkvæmdar tilskipun 92/75/EBE.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót skv. 10. gr. tilskipunar 92/75/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 94/2/EB:

1. Í stað 2., 3. og 4. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Afla skal upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, með mælingum sem gerðar eru í samræmi við samhæfða staðla sem evrópsku staðla-stofnanirnar (CEN, CENELEC, ETSI) hafa samþykkt samkvæmt umboði frá framkvæmdastjórninni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB (*), en tilvísunarnúmer þeirra hafa verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og aðildarríkin hafa birt tilvísunarnúmer þeirra innlendu staðla sem eru til framkvæmdar þessum samhæfðu stöðlum.

3. Ákvæði í I., II. og III. viðauka sem lúta að þeirri kröfu að veita upplýsingar um hávaða gilda því aðeins að aðildarríkin krefjist þessara upplýsinga skv. 3. gr. tilskipunar 86/594/EBE. Þessar upplýsingar skulu mældar í samræmi við þá tilskipun.

4. Skilgreiningarnar, sem settar eru fram í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 92/75/EBE, gilda í þessari tilskipun.

(*) Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. gr.:

- a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr.:

„Þegar aflað er upplýsinga um sérstaka tegund sambyggðs skáps með útreikningi á grundvelli hönnunar og/eða útgiskun á öðrum sambyggðum skápum skulu gögnin fela í sér upplýsingar um þá útreikninga og/eða útgiskanir og um rannsóknir sem hafa verið gerðar til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið (upplýsingar um reiknilíkan fyrir útreikning á afköstum og um mælingar sem gerðar eru til að sannreyna þessa tegund).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 297, 13.10.1992, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 45, 17.2.1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 236, 18.9.1996, bls. 36.

b) Eftirfarandi komi í stað 5. mgr.:

3. gr.

„5. Ef tækin eru boðin til sölu, leigu eða kaupleigu með prentaðri eða skriflegri orðsendingu eða með öðrum hætti sem gefur til kynna að ekki sé gert ráð fyrir því að hugsanlegur viðskiptamaður geti séð tækið í útstillingu, s.s. með skriflegu tilboði, í póstpöntunarlista, auglýsingum á Netinu eða öðrum raf-rænum miðli, skal orðsendingin innihalda allar upplýsingar sem eru tilgreindar í III. viðauka.“

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Ákvæðum I., II., III. og V. viðauka er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

4. gr.

4. Ákvæði I. viðauka falli brott.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. gr.

5. gr.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. júlí 2004, leyfa dreifingu merkimiða, upplýsingablaða og orðsendinga, sem um getur í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 94/2/EB, með þeim upplýsingum sem endurskoðaðar eru með þessari tilskipun.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. júlí 2003.

Þau skulu tryggja að allir merkimiðar, upplýsingablöð og orðsendingar, sem um getur í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 94/2/EB, séu í samræmi við endurskoðuðu tegundirnar eigi síðar en 31. desember 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti

VIÐAUKI

- 1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:
- a) undir fyrirsögninni „Athugasemdir á merkimiða“ falli síðasti málsliðurinn, „Ath.: samsvarandi hugtök á öðrum tungumálum er að finna í VI. viðauka“, brott,
- b) undir fyrirsögninni „Prentun“:
- i) er eftirfarandi texta bætt við á eftir skýringarmyndinni:
- „Kennistafur tækja í flokki A+ og A++ skal vera í samræmi við eftirfarandi skýringarmyndir og hafður á sama stað og kennistafurinn A fyrir tæki í A-flokki

A+

A++



- ii) textinn, sem kemur fyrir í lokin og hefst með orðunum: „Nákvæmar upplýsingar um prentun er að finna í leiðarvísi um hönnun merkimiða fyrir kæliskápa/frystiskápa ...“, falli brott.
- 2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka:
- a) Eftirfarandi komi í stað 4. liðar:
- „4. Orkunýtniflokkur tegundar eins og skilgreint er í V. viðauka, tilgreindur sem „Orkunýtniflokkur ... á kvarðanum A++ (hámarksnýtni) til G (lakasta nýtni)“. Ef þessar upplýsingar eru gefnar í töflu má tilgreina þær með öðrum hætti, að því tilskildu að ljóst sé að það sé á kvarðanum A++ (hámarksnýtni) til G (lakasta nýtni).“
- b) Eftirfarandi komi í stað 8. liðar:
- „8. Nettórúmmál frystihólfs fyrir matvæli og svalahólfs, sé það fyrir hendi, í samræmi við staðlana, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., er ekki tilgreint fyrir 1., 2. og 3. flokk. Fyrir tæki í 3. flokki er nettórúmmál „frystihólfsins“ tilgreint.“
- c) Eftirfarandi 15. liður bætist við:
- „15. Ef tegundin er framleidd til að hún verði innbyggð ber að geta þess.“
- d) Lokaathugasemdin falli brott.
- 3) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka:
- lokaathugasemdin falli brott.
- 4) Í V. viðauka bætist eftirfarandi texti við á eftir fyrirsögninni „ORKUNÝTNIFLOKKUR“:

„1. HLUTI: Skilgreiningar á flokki A+ og flokki A++

Flokka skal tæki sem A+ eða A++ þar sem orkunýtnistuðullinn alfa (I_a) er innan þeirra marka sem tilgreind eru í töflu 1.

Tafla 1

Orkunýtnistuðullinn alfa (I_a)	„Orkunýtniflokkur“
$30 > I_a$	A ++
$42 > I_a \geq 30$	A +
$I_a \geq 42$	A til G (sjá hér á eftir)

Í töflu 1

$$I_a = \frac{AC}{SC_\alpha} \times 100$$

þar sem:

AC = árleg orkunotkun tækis (í samræmi við V. athugasemd í I. viðauka)

SC_α = α staðlaðrar, árlegrar orkunotkunar tækis

SC_{α} er reiknað út sem

$$M_{\alpha} \times \sum_{\text{Compartments}} \left(V_c \times \frac{(25 - T_c)}{20} \times FF \times CC \times BI \right) + N_{\alpha} + CH$$

þar sem:

V_c er nettórúmmál (í lítrum) hólsins (í samræmi við staðla sem um getur í 2. mgr. 1. gr.).

T_c er hönnunarhiti (í °C) hólsins.

Gildi M_{α} og N_{α} eru tilgreind í töflu 2 og gildi FF, CC, BI og CH eru tilgreind í töflu 3.

Tafla 2

Tegund tækis	Hitastig kaldasta hóls	M_{α}	N_{α}
1 Kæliskápur án frystihólfs	> -6 °C	0,233	245
2 Kæliskápur/svalaskápur	> -6 °C	0,233	245
3 Kæliskápur án stjörnumerkingar	> -6 °C	0,233	245
4 Kæliskápur *	≤ -6 °C *	0,643	191
5 Kæliskápur **	≤ -12 °C **	0,450	245
6 Kæliskápur ***/	≤ -18 °C ***/*(***)	0,777	303
7 Kæli- og frystiskápur *(***)	≤ -18 °C ***/*(***)	0,777	303
8 Frystiskápur	≤ -18 °C *(***)	0,539	315
9 Frystikista	≤ -18 °C *(***)	0,472	286
10 Tæki með fleiri hurðir en tvær eða önnur tæki		(¹)	(¹)

(¹) Hitastig og stjörnumerking hólsins með lægsta hitastigið ákvarðar gildi M og N að því er snertir þessi tæki. Lita skal á tæki með -18 °C *(***) hólf sem kæli- og frystiskápa *(***)

Tafla 3

Leiðréttingarstuðull	Gildi	Ástand
FF (frostlaust)	1,2	Vegna „frostlausra“ (loftþæstra) frystihólfa fyrir matvæli
	1	Annað
CC (loftslagsflokkur)	1,2	Fyrir kælitæki sem tilheyra loftslagsflokknum „ST“ (tropical)
	1,1	Fyrir kælitæki sem tilheyra tempraða loftslagsflokknum „T“ (subtropical)
	1	Annað
BI (innbyggt)	1,2	Fyrir innbyggð tæki (¹) sem eru innan við 58 cm á breidd.
	1	Annað
CH (svalahólf)	50 Kwh/y	Fyrir tæki sem eru með a.m.k. 15 lítra svalahólf
	0	Annað

(¹) Tæki er aðeins „innbyggt“ ef það er eingöngu hannað til uppsetningar í eldhúsholrúmi þar sem ganga þarf frá innréttingunni og ef það er prófað sem slíkt tæki.

Ef tæki er ekki A+ eða A++ skal flokka það í samræmi við 2. hluta.

2. HLUTI: Skilgreiningar á A- til G-flokki

....“
